



# Ársskýrsla

starfsárið 2014-2015

maí - apríl

**Aðalfundur 2015**

**21. maí 2015**

## 1. Félagar

Félagar í Upplýsingu eru um það bil 475 og þar af 50 stofnanir. Endurnýjun í félaginu er ekki nógu mikil og fer félögum fækkandi. Einstaklingar fara á eftirlaun en einnig hefur verið samdráttur og krafa um sparnað hjá stofnunum. Félagar detta út af skrá ef þeir hafa ekki greitt félagsgjöld í 2 ár samfleytt. Þó eru skráningar í félagið fleiri en úrsagnir.

Félagsaðild er aðallega persónuleg en í raun eru fimm aðildarflokkar:

- a. Almennir félagar. Þeir greiða nú 7.000 krónur í árgjald.
- b. Stofnanir. Stofnanir greiða nú 14.000 krónur í árgjald.
- c. Nemendur í bókasafns- og upplýsingafræði. Þeir greiða nú 3.500.
- d. Heiðursfélagar. Greiða ekki árgjald.
- e. Eldri félagar. Geta sótt um að greiða hálf árgjald.

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir hefur séð um uppfærslu félagatalsins síðastliðið starfsár um leið og tilkynningar um breytingar á högum félagsmanna berast.

## 2. Stjórn Upplýsingar

Samkvæmt nágildandi lögum skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn. Sú staða kom upp þetta starfsár að formaður var jafnframt starfandi gjaldkeri.

Stjórn Upplýsingar starfsárið 2014-2015 var sem hér segir:

Formaður: Sigríður Júlía Sighvatsdóttir

Varaformaður: Jóna Guðmundsdóttir

Gjaldkeri: Sigríður Júlía Sighvatsdóttir

Ritari: Bergljót Gunnlaugsdóttir

Meðstjórnandi: Helga Halldórsdóttir

Rósa Bjarnadóttir

Varamenn í stjórn: Hrafnhildur Hreinsdóttir og Hrafn Malmquist

## 3. Húsnæðismál

Upplýsing var í leiguhúsnæði að Lyngási 18, Garðabæ, þangað til 31.janúar 2015 eftir að hafa verið þar með skrifstofuaðstöðu síðan snemma árs 2009. Húsaleigan var kr. 28.000 og hélst óbreytt allan leigutímann. Í nóvember 2014 var öllum leigutökum í húsinu sagt upp leigunni. Nýtt fólk hafði tekið við rekstri hússins og ljóst að nýr samningur myndi verða félaginu dýr fyrir húsnæði sem var aðeins notað undir stjórnarfundum og gögn í eigu félagsins. Stjórn Upplýsingar tók þá ákvörðun að endursema ekki um áframhaldandi leigu og var skrifstofunni pakkað niður og komið í geymsluhúsnæði hjá Geymslum við Fiskislóð til að byrja með.

## 4. Stjórnarfundir og rekstur félagsins

Haldnir voru 10 stjórnarfundir á tímabilinu. Áhersla stjórnar á þessu starfsári var sem fyrr á fagleg málefni og fræðsla til félagsmanna. Í lögum félagsins er gert ráð fyrir að félagið starfi á

fimm sviðum: Stjórnunarsviði, fjármálasviði, útgáfusviði, fræðslu- og ráðstefnusviði og fagsviði. Starfsemi sem fellur undir þessi svið eru í raun unnin af stjórn, nefndum og hópum á vegum félagsins. Þess skal getið að stjórnarmenn fá greitt fyrir stjórnarsetu, greitt er fyrir ritnefndarstörf, vefstjórn og gjaldkerastörf auk þess sem formaður fær greidda þóknun mánaðarlega. Formaðurinn er í raun framkvæmdastjóri félagsins og sér um öll samskipti og helstu útréttingar á vegum þess. Þessar upphæðir eru tilgreindar í reikningum félagsins.

## 5. Fjármál og styrkir

Rekstrarfé Upplýsingar er að mestum hluta árgjald félaga. Þó komu einnig inn styrkir vegna Bókasafnsdags og Landsfundar. Þetta kemur fram í ársreikningnum félagsins.

## 6. Afsláttarkjör fyrir félagsmenn

Félagsmenn fá 20% afslátt í Pennanum – Eymundsson og í lðu. Frítt er á morgunkorn fyrir félagsmenn og afsláttur veittur af námskeiðsgjöldum, landsfundi og ráðstefnum á vegum Upplýsingar og erlendra samtaka sem félagið er aðili að. Skuldlausir félagar fá að auki ókeypis á jólagleði og í allar heimsóknir Upplýsingar. Fjárhagur félagsins er stöðugur þetta árið og kemur út í hagnaði en rekstur þess tekur mið af þeirri hugsun að einstakir félagsmenn sjái sér hag í því að vera í félaginu t.d. með því að fá Bókasafnið, tímarit félagsins. Reynt er að verðleggja viðburði lágt og stilla þannig af að einn viðburður sé ekki notaður til að niðurgreiða annan. Þetta er mjór vegur að feta og geta komið upp tilfelli þar sem kostnaður fellur alfarið á félagið. Reynt er að láta gjöld ganga upp á móti tekjum þannig að félagsmenn fái til baka það sem þeir setja í það.

## 7. Útgáfumál og fréttamiðlar

### Bókasafnið

Félagið gefur út tímaritið Bókasafnið einu sinni á ári.

Síðastliðið vor kom út 38. árgangur Bókasafnsins og á næstunni mun félögum berast 39. árgangur blaðsins. Hægt er að lesa eldri árganga blaðsins á netinu. Árgangar 32-37 (2008-2013) eru aðgengilegir á vef Upplýsingar og árgangar 1-31 árgangur (1974-2007) eru aðgengilegir á timarit.is

### Fregnir

Fréttabréfið Fregnir hefur legið að mestu í dvala en það birtist núna á Netinu (<http://upplysing.wordpress.com/tag/upplysing/>).

### Vefur félagsins og samfélagsmiðlar –

[www.upplysing.is](http://www.upplysing.is) / Youtube / Facebook

Vefur upplýsingar, upplysing.is inniheldur upplýsingar um starfsemi félagsins, fræðslu, starfsumhverfi félagsmanna upplýsingar um viðburði, myndasafn og innri vef. Einnig eru hýstir undir vef upplýsingar undirvefir ss. vefur um upplýsingalæsi, vefur Bókasafnsins, og sérstakir ráðstefnuvefir vegna viðburða tengdum faginu. Vefurinn var endurhannaður á árinu

2014 í uppfærðu vefkerfi með það fyrir augum að laga sig að stærð þeirra tækja sem hann er skoðaður í.

Facebook síða Upplýsingar er upplýsingasíða um starfsemi félagsins og málefni sem tengjast félaginu. Þar eru helst settar inn tilkynningar og skráningar vegna viðburða, myndir af starfi félagsins og einnig er áhugaverðum fréttum deilt á síðuna. Fyrirspurnir hafa einnig verið að berast gegnum Facebook til félagsins.

Á Youtube rás Upplýsingar má finna safn myndbanda sem tekin hafa verið upp á stafræna myndbandstökuvél sem er í eigu upplýsingar. Þar má helst nefna upptöku af morgunkornum og ráðstefnum. Flest myndbandanna eru eingöngu aðgengileg út frá vef upplýsingar vegna aðkomu fyrirlesara.

Vefstjóri Upplýsingar er Óskar Þór Þráinsson. Meðal verkefna vefstjóra eru uppfærsla vefsins með tilliti til viðburða svo sem morgunkorna, ráðstefna, málfunda, landsfundar og annarra uppakoma á vegum félagsins. Árið 2014 var bæði haldið utan um Landsfund 2014 og upplýsingavef bókasafnsdagsins bæði á upplysing.is og á bokasafn.is sem vefstjóri sér um. Vefstjóri hefur unnið með undirbúningsnefnd bókasafnsdagsins að markaðs- og kynningarefni og upplýsingagjöf gegnum miðla félagsins. Nú á vormánuðum var veitt aðstoð við uppsetningu á undirvef á upplysing.is/ckviii vegna Creating knowledge VIII. Vefstjóri sér einnig um að taka upp, klippa og vinna myndbönd af ráðstefnum, málþingum, morgunkornum og öðrum viðburðum tengdum Upplýsingu og varðveita.

### Notkun vefsins

Samkvæmt vefmælingum voru innlit á vefinn upplysing.is árið 2014: 7.650 (en þau voru 6.703 árið 2013). Að meðaltali skoða 365 notendur vefinn í hverjum mánuði. Árið 2014 voru síðuflettingar 21.454 en það er rúmlega 8% aukning frá fyrra ári.

<b>Upplýsing.is</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>
<b>Fjöldi innlita</b>	7.033	12.926	6.703	7.650
<b>Notendur (nýir eða sjaldséðir)</b>	3.422	5.387	4.236	4.401
<b>Flettingar</b>	26.882	45.815	19.791	21.454

Vefurinn bokasafn.is hefur ekki verið auglýstur sérstaklega en virðist engu að síður vera að draga að sér traffík. Mesta umferð má sjá í leit að almenningssöfnum á höfuðborgarsvæðinu. Mest skoðuðu söfnin eru Aðalsafn, Gerðubergssafn, Kringlusafn og Bókasafn Kópavogs.

<b>Bokasafnid.is</b>	<b>2013*</b>	<b>2014</b>
<b>Fjöldi innlita</b>	3.668	11.210
<b>Notendur (nýir eða sjaldséðir)</b>	2.810	9.410
<b>Flettingar</b>	12.244	32.685

\* frá jún 2013

## Skýrsla útgáfunefndar Upplýsingar um starfsárið 2014-2015

Þriðja starfsár ritnefndar hófst í byrjun september 2014. Fundir voru fjórir á haustmánuðum, en þrír eftir áramót. Einn meðlimur bættist í hópinn s.l. haust, María Bjarkadóttir frá bókasafni Tækniskólans. Á þessu vori stendur til að fá tvo til þrjá nýja aðila í ritnefnd. Anna María Sverrisdóttir hættir sem ritstjóri og Brynhildur Jónsdóttir sem gjaldkeri. Ólína Rakel Þorvaldsdóttir sem hefur séð um auglýsingaöflun s.l. tvö ár hættir sömuleiðis. Áfram sitja María Bjarkadóttir (MLIS), Erlendur Már Antonsson (MLIS) og Helgi Sigurbjörnsson (MLIS), en þeir tveir hafa haft umsjón með vefsíðu Bókasafnsins og bloggsíðu Fregna í þrjú ár.

Helstu mál ritnefndar:

1. Handbókin Trello: Ritnefnd hefur unnið að ýmsum leiðbeiningum fyrir höfunda og ritnefnd sem eru vistaðar í Trello.com, sem er vinnusvæði og handbók fyrir ritnefnd.
2. Fjármál og auglýsingar: Fjárhagur útgáfunnar hefur verið stöðugur s.l. tvö ár og unnt hefur verið að greiða allan kostnað við útgáfuna og þóknun til ritnefndar án vandkvæða. Innheimtur hafa gengið mjög vel. Það var frekar erfitt að afla auglýsinga frá nýjum fyrirtækjum. Í ár verða því sömu, tryggju auglýsendur og undanfarin ár: Landskerfi bókasafna, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Prím, Þjónustumistöð bókasafna auk nokkurra fyrirtækja með logo. Án þeirra stuðnings væri ekki hægt að fjármagna útgáfu blaðsins. Eiga þessi fyrirtæki allar þakkir skilið.
3. Vefmál Bókasafnsins – Fregnir: Ritnefnd hefur verið að uppfæra vef Bókasafnsins smám saman og næstu vikur bættist meira við, s.s. leiðbeiningar um greinaskrif, sem eru nú þegar vistaðar í Trello-handbók ritnefndar. Bloggsíðan Fregnir hefur ekki orðið sá líflegi vettvangur sem ritnefnd gerði sér vonir um í upphafi. Ritnefnd ákvað því að leggja hana niður sem kemur ekki að sök því fagstéttin hefur verið ötul við að nota Skruddu og Fésbókarsíðuna.
4. 39. árgangur 2015 - umbrot og prentun: Næsta tölublað verður með hefðbundnu sniði og áður, 68 síður með kápum. Í blaðinu verða 15 greinar, þar af ein ritrýnd. Ákveðið var að fá tilboð frá prentsmiðjunni GuðjónÓ, en hún hefur prentað Bókasafnið í nokkur ár með góðum árangri og á sanngjörnu verði. Tilboðið miðaðist við 64 síður + kápur (4 síður) í 600 eintökum. Undanfarnar vikur hefur Bókasafnið verið í vinnslu hjá umbrotsmanni, en það verk er ávallt seinlegt. Gert er ráð fyrir að blaðið komi út í lok maí.
5. Bókasafnið og erlendir gagnagrunnar: Sumarið 2014 stóð til að gera samning við EbscoHost um birtingu útdráttá á ensku úr Bókasafninu. Eftir nánari athugun kom í ljós að söluaðili EbscoHost vildi fá greinar í heild sinni en ekki útdrætti eins og ritnefnd hélt alltaf. Ritnefnd hafði verið með þetta mál á dagskrá af og til alveg frá 2013. Að lokum ákvað ritnefnd að hætta við samninginn sem fannst þetta hafa of mikla vinnu í för með sér.
6. Library & Information Science Abstracts (LISA). Einnig ræddi ritnefnd um hvort vert væri að taka upp þráðinn aftur við LISA. En Bókasafnið var lyklað í LISA frá 1989 til ársins 2006/2007. Ritstjóri kannaði málið og hafði m.a. samband við söluaðila hjá ProQuest, sem yfirtók LISA. Eftir nokkra fundi og vangaveltur um kosti og galla þess að halda áfram að senda inn útdrætti sá ritnefnd engan verulegan ávinning af þessu. LISA er barns síns tíma og margt hefur breyst með rafvæðingu og opnum aðgangi.

18. maí 2015

Anna María Sverrisdóttir

## 8. Bókasafnsdagurinn 2014

Bókasafnsdagurinn var sem fyrr haldinn á Degi læsis 8. September 2014. Að venju mátti sjá „okkar“ fólk í fjölmiðlum auk þess sem dagurinn var auglýstur í fjölmiðlum og bíóhúsum. Morgunkorn var haldið í Borgarbókasafni í Grófinni þar sem Þórarinn Eldjárn flutti hugvefju um bókasöfn. Þá var einnig upplýst um val starfsmanna bókasafna á uppáholdssögupersónuninni sinni en langvinsælust var Lína Langsokkur. Útbúin var veggmynd með nöfnum sögupersóna sem komust á blað og myndaði það útlínur Línu Langsokks.

## 9. Ferðasjóður Upplýsingar

Fullgildir félagar Upplýsingar til fimm ára geta sótt í sjóðinn styrk upp á 30.000 kr. fyrir náms- og kynnisferðir erlendis. Að þessu sinni hlutu 6 félagar styrk: Magnea Bára Stefánsdóttir, Anna María Sverrisdóttir, Margrét Sigurgeirsdóttir, Sigrún Guðnadóttir, Ingvi Þór Kormáksson og Guðríður Sigurbjörnsdóttir.

## 10. Höfundarréttarmál

Óli Gneisti Sóleyjarson hefur settið fyrir hönd Upplýsingar í höfundarréttarhópi sem norrænu bókavarðafélögin hafa sett af stað til að samræma áherslur á Norðurlöndum. Hópurinn mun halda áfram að starfa. Í hópnum starfa auk Óla; Ólöf Benediktsdóttir, Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Sigurgeir Finnbogason en hann hefur ákveðið að láta af störfum í nefndinni.

## 11. Samskipti við stjórnvöld og aðrar stofnanir

Upplýsing tilnefndi tvo fulltrúa að beiðni menntamálaráðuneytis í stjórn Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns og einn fulltrúa í endurskoðunarnefnd skipulagskrár Þjónustumiðstöðvar bókasafna.

Áframhaldandi samræður við Háskólann á Bifröst um endurmenntun upplýsingafræðinga.

## 12. Fræðslumál

Upplýsing hefur staðið fyrir morgunkorni í nokkur ár. Um er að ræða stutt erindi. Einnig hefur verið leitast við að halda í það minnsta eitt námskeið og ráðstefnu árlega. Landsfundur Upplýsingar er annað hvert ár og verður haustið 2016 í Reykjanesbæ.

## Morgunkorn

Tilgangur morgunkorna er að efla faglega vitund félagsmanna og fá bæði sérfræðinga utan og innan félagsins til að ræða mál sem eru í brennidepli hverju sinni. Fundirnir standa í einn og hálfan tíma og lýkur með umræðum ef tími leyfir.

Haldin voru þrjú morgunkorn þetta rekstrarár.

Fyrsta morgunkornið var haldið 8. september 2014 í tilefni Bókasafnsdagsins. Þórarinn Eldjárn flutti hugleiðingu og tilkynnt var um val bókasafnafólks á uppáholdssögupersónuninni sinni. Einnig voru sýnd myndbönd úr örmyndbandakeppni Borgarbókasafns, Ræman

Ekkert morgunkorn var haldið í október þar sem Landsfundur Upplýsingar var haldinn þetta árið

13. nóvember 2014 hélt Bergljót Gunnlaugsdóttir upplýsingafræðingur við Flensborgarskóla erindi um áhrif þess að vera óupplýsingalæs. Erindið laut að samfélagslegri stöðu þeirra sem hafa hætt í námi (brottfallsnemendur) og eru í þeim áhættuhópi sem gæti orðið fastur í vítahring menntunarskorts og upplýsingaólæsis. Umfjöllunarefni Bergljótar byggði hún m.a. á niðurstöðum úr M.A. verkefni sínu.

8. janúar 2015 hélt Dr. Ágúst Einarsson prófessor við Háskólann á Bifröst erindi um Hagræn áhrif ritlistar.

Ekkert morgunkorn var í febrúar. Í stað þess var farið í vísindaferð.

Upplýsing hefur getað haft ókeypis morgunkorn í vetur vegna ókeypis aðstöðu. Þökkum ofangreindum söfnum fyrir, sérstaklega Bókasafni Kópavogs sem hefur hýst flest morgunkornin. Einnig hafa fyrirlesarar einnig sýnt félaginu einstaka velvild með því að flytja sín erindi endurgjaldslaust

Ekkert námskeið var haldið á tímabilinu.

### **Landsfundur**

Landsfundur Upplýsingar er haldinn annað hvert ár. Landsfundur var nú haldinn í Háskólanum á Akureyri dagana 2.-3. október 2014. Yfirskrift Landsfundar var „Heimurinn í höndum þér“. Um 160 félagsmenn sóttu fundinn sem þótti vel lukkaður.

### **Aðrir viðburðir**

Jólagleði félagsins var haldin föstudaginn 28. nóvember 2014 í Bókasafni Kópavogs. Þar tóku Hrafn Harðarson bæjarbókavörður og Sigrún Guðnadóttirútibússtjóri Lindasafns vel á móti gestum. Rúmlega 90 félagar mættu, skoðuðu safnið, þáðu veitingar og hlýddu á tónlist.

Vísindaferð Upplýsingar var að þessu sinni heimsókn í Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Heimsóknin var tvískipt þar sem í fyrri hluta ferðar var Fab Lab smiðja skoðuð í Eddufelli í Breiðholti. Að þeirri heimsókn lokinni var haldið með rútu í höfuðstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar þar sem Sigríður Ingvarsdóttir framkvæmdastjóri tók á móti hópnum og hélt skemmtilegt og fróðlegt erindi á meðan gestir þáðu veitingar. Góður rómur var gerður af þessari heimsókn.

Þessu starfsári lýkur á heimsókn til Menningarhússins í Gerðubergi 21. maí og er aðalfundur Upplýsingar jafnframt haldinn þar.

Upplýsing þakkar ofangreindum söfnum kærlega fyrir góðar móttökur.

### **13. Nefndir, ráð og starfshópar á vegum Upplýsingar 2014 – 2015**

**Fagnefnd**, hefur það hlutverk að fjalla um allt sem snýr að stéttinni faglega svo sem siðareglur, gæðamál, lög um bókasöfn, álit á lagafrumvörpum, menntun félagsmanna og annað sem fellur undir þetta hugtak. Nefndinni er enn fremur ætlað að koma með tillögur að

Upplýsing, Félag bókasafns- og upplýsingafræða ▪ kt. 571299-3059 ▪ Pósthólf 8865 ▪ 128 Reykjavík ▪ Sími 864 6220 ▪ [www.upplysing.is](http://www.upplysing.is) ▪ [upplysing@upplysing.is](mailto:upplysing@upplysing.is)

innihaldi morgunkorna Upplýsingar. Fagnefndina skipuðu á síðasta starfsári: Sóley Sverrisdóttir, Óli Gneisti Sóleyjarson Bókasafni Iðnskólans í Hafnarfirði og Hafdís Dögg Hafsteinsdóttir Bókasafni HR.

**Fræðslu- og skemmtinefnd**, hefur það hlutverk að undirbúa námskeið, morgunkorn, ráðstefnur, heimsóknir og annað sem að fræðslu- og viðburðamálum félagsins snýr. Hér er um að ræða hugmyndafræðilegan stuðning, tillögur um fyrirlesara og leiðbeinendur en ekki framkvæmd. Nefndina skipuðu á síðasta starfsári: Kristjana Mjöll J. Hjörvar, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Jurate Akuceviciute Borgarbókasafninu í Gerðubergi og Magný Rós Sigurðardóttir nemi/Landsbókasafni.

**Útgáfunefnd** - hefur það hlutverk að ritstýra og gefa út Bókasafnið, Fregnir og setja meginlínur um fréttæfni á vefnum. Nefndinni er einnig ætlað að stýra Bókasafninu í átt að ritrýndu fagtímariti og skilgreina skilin milli fréttablaðsins og svo hlutverk vefsins. Anna María Sverrisdóttir, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, var formaður nefndarinnar en auk hennar voru Brynhildur Jónsdóttir gjaldkeri, Erlendur Már Antonsson, Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni, Helgi Sigurbjörnsson, Bókasafni MK, Ólína Rakel Þorvaldsdóttir og María Bjarkadóttir.

### **Starfshópar**

Þau vinnubrögð hafa tíðkast um nokkurt skeið að auglýsa eftir þátttakendum í hópa um ýmis málefni og gefa þannig félögum kost á að vinna við undirbúning þeirra.

Undirbúningshópur Bókasafnsdagsins hefur unnið að framgangi þess dags og borið allan þunga af undirbúningi hans. Allir félagsmenn eru velkomnir í þessa hópa.

Landsfundarnefnd vann hörðum höndum að undirbúningi Landsfundar á Akureyri í október og skilaði því verki með glæsibrag.

### **Fulltrúar Upplýsingar í stjórnnum annarra félaga, hópa og stofnana**

1. Stjórnarnefnd um Landsaðgang hvar.is – Anna Sveinsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands, varamaður er Ásdís Hafstað, MH

2. Stjórn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns – Sveinn Ólafsson, varamaður er Margrét Sigurgeirsdóttir.

3. Stjórn Hljóðabókasafnsins – Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir, Bókasafn Flensborgarskólans.

4. Bókasafnaráð. Ráðherra skipar bókasafnaráð til fjögurra ára í senn og á Upplýsing tvo aðalfulltrúa og tvo til vara. Þau eru Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Viggó Gíslason, varamenn eru Óli Gneisti Sóleyjarson og Margrét Sigurgeirsdóttir.

5. Þjónustumiðstöð bókasafna - Nanna Bjarnadóttir, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

6. Þöll, samstarfshópur um barnastarf á íslenskum bókasöfnum hefur ekki starfað um tíma, en Upplýsing vistar reikning hópsins.

7. Gerðubergsráðstefna – Arndís Þórarinsdóttir, Bókasafni Kópavogs.



8. Höfundarréttarráð – Óli Gneisti Sóleyjarson Bókasafn Iðnskólans í Hafnarfirði.

9. Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi – Rósa Bjarnadóttir, Landsbókasafni og stjórn  
Upplýsingar á sæti í nefndinni. Nefndin hóf störf í apríl 2014.

10. Íslensk málnefnd – Þórhildur Sigurðardóttir

### **Fulltrúar í erlendum félögum**

10. Verkefnisstjóri vegna tilnefningar til verðlauna úr minningarsjóði Astrid Lindgren –  
Þorbjörg Karlsdóttir, Borgarbókasafni

11. Norrænn samstarfshópur um tónlistarsöfn – forstöðumaður Bókasafns Listaháskóla  
Íslands

12. ARLIS/Norden – Elín Guðjónsdóttir, Listasafni Íslands

13. NordinfoLIT - Astrid Margrét Magnúsdóttir, Háskólanum á Akureyri

### **16. Norrænt og alþjóðlegt samstarf**

Alþjóðleg og norræn samskipti eru mismikil. Reynt hefur þó verið að halda uppi samstarfi við norrænu bókavarðafélögin og IFLA enda má til sanns vegar færa að þessi samskipti séu félaginu gagnlegust. Einnig hefur Upplýsing átt aðild að EBLIDA – Evrópusamtökum bókasafna. Upplýsing endurnýjaði einnig aðild sína að IASL, alþjóðasamtökum skólabókasafna.

#### **a) Samstarf norrænu bókavarðafélaganna**

Fulltrúar norrænu bókavarðafélaganna hittast að jafnaði tvisvar á ári og skiptast á um að bjóða til funda. Haldinn var sameiginlegur fundur í Lyon í ágúst 2014 í tengslum við IFLA þingið og svo var annar fundur í Osló í janúar 2015. Tveir fulltrúar sátu fundinn í Lyon og samnýttu þar ferð á IFLA þingið. Formaður fór á fundinn í Osló.

#### **b) IFLA**

Fastanefndir. Upplýsing er aðili að IFLA og hefur tilnefnt í eina fastanefnd, en er aðili að fleiri nefndum og fær upplýsingar um starfsemi þeirra.

IFLA-þingið í Lyon. Upplýsing sendi tvo fulltrúa út. Það er er venjan þegar IFLA þing er haldið í Evrópulöndum.

### **Að lokum**

Formaður þakkar stjórninni fyrir gott samstarf og öllum þeim sem hafa lagt af mörkum vinnu fyrir Upplýsingu. Þessi ómetanlega vinna er forsenda þess að Upplýsing geti boðið uppá metnaðarfullt félagsstarf og fræðslu. Mikið álag er á stjórnarmeðlimum og hafa leiðir verið skoðaðar til að létta álagið án þess að það bitni á starfseminni.

## LÖG

### UPPLÝSING - FÉLAG BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐA

#### I. NAFN OG HLUTVERK

##### 1. gr. – Nafn og varnarþing

Félagið heitir: Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

##### 2. gr. – Markmið

Markmið félagsins eru:

- a) Að auka skilning á mikilvægi sérfræðipækningar bókasafns- og upplýsingafræðinga og annarra starfsmanna bókasafna og upplýsingamiðstöðva.
- b) Að efla skilning á mikilvægi íslenskra bókasafna og upplýsingamiðstöðva í þágu menningar, menntunar og vísinda.
- c) Að bæta aðstöðu til rannsókna og náms í bókasafns- og upplýsingafræði.
- d) Að efla samstarf og samheldni félagsmanna.
- e) Að gangast fyrir faglegri umræðu um bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar.
- f) Að stuðla að og standa fyrir símenntun félagsmanna.
- g) Að auka samvinnu ólíkra safnategunda.
- h) Að koma á samvinnu við innlenda og erlenda aðila með svipuð markmið.
- i) Að vera löggjafanum og stjórnvöldum til ráðgjafar um bókasafns- og upplýsingamál.
- j) Að starfa með Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga og öðrum stéttarfélögum eftir því sem við á.

#### II. FÉLAGSAÐILD

##### 3. gr. – Félagsaðild

Rétt til félagsaðildar eiga:

- a) Bókasafns- og upplýsingafræðingar svo og þeir sem starfa á rannsóknarbókasöfnum, almennings- bókasöfnum, sérfræðibókasöfnum, skólasöfnum, starfsmenn stofnana og fyrirtækja sem vinna að upplýsingamiðlun.
- b) Nemar í bókasafns- og upplýsingafræði eða öðru námi á sviði upplýsingamiðlunar og -tækni geta átt aukaaðild að félaginu í allt að þrjú ár. Nemar, sem óska eftir aukaaðild, hafa málfrelsi á fundum en ekki atkvæðisrétt og eru ekki kjörgengir.
- c) Áhugamenn um markmið félagsins.
- d) Almenningsbókasöfn, skólasöfn og sérfræði- og rannsóknarbókasöfn, skjalasöfn svo og aðrar stofnanir og fyrirtæki sem starfa að upplýsingamálum.

Umsóknir um félagsaðild eru afgreiddar á stjórnarfundi.

Einstaklingar sem eiga fulla aðild að félaginu njóta allra þeirra réttinda og fríðinda, sem félagið býður upp á hverju sinni, auk eintaka af fréttabréfum og/eða fagtímaritum félagsins. Fulltrúar stofnana og fyrirtækja hafa ekki atkvæðisrétt á fundum og njóta hvorki kjörgengis né fríðinda, sem félagið býður upp á, en fá fagtímarit og fréttabréf þess.

#### III. SKIPULAG SVIÐA OG NEFNDA

##### 4. gr. – Skipulag

Starfsemi félagsins skiptist í eftirfarandi svið:

- a) Stjórnunarsvið.

- b) Fjármálasvið.
- c) Útgáfusvið.
- d) Fræðslu- og ráðstefnusvið.
- e) Fagsvið.

Stjórn félagsins eða félagsfundir er heimilt að skipa hópa og nefndir og fela þeim ákveðin verkefni eftir nánari fyrirætlunum hverju sinni. Þeim skal með erindisbréfi setja starfsreglur þar sem viðfangsefni er skilgreint, starfstímabil ákveðið og hver nefndarmanna sé ábyrgur fyrir störfum hennar.

#### IV. STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

##### 5. gr. – Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn. Stjórnarkjör skal hagað þannig:

- a) Formann og varaformann skal kjósa til tveggja ára. Þeir eru kosnir sérstaklega sitt árið hvor.
- b) Aðrir stjórnarmenn skal kjósa til tveggja ára þannig að tveir eru kosnir annað árið og einn hitt árið. Varamenn eru kosnir til tveggja ára. Seta í stjórn skerðir ekki kjörgengi til formanns.

Ef stjórnarmaður lætur af stjórnarsetu áður en kjörtímabili hans lýkur og varamaður tekur sæti í hans stað, skal kjörtímabil hins síðarnefnda sem stjórnarmanns aðeins ná yfir þann tíma sem eftir er af stjórnarsetu þess sem hættir. Láti stjórnarmaður af störfum á aðalfundi áður en kjörtímabili hans lýkur skal annar kosinn í hans stað til jafnlangs tíma og eftir er af kjörtímabili þess fyrrnefnda.

Uppstillingarnefnd skal starfa í félaginu og skal hún gæta þess fyrir hvern aðalfund að ekki skorti framboð til stjórnarsetu.

Við stjórnarkjör skal leitast við að fulltrúar ólíkra safnategunda og faghópa eigi sæti í stjórn félagsins, sem og í nefndum og vinnuhópum.

##### 6. gr. – Stjórnarfundir

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund. Stjórnarfundur skal að jafnaði halda einu sinni í mánuði á tímabilinu september - apríl, en oftast ef þörf krefur. Svo og ef að minnsta kosti þrjú stjórnarmenn æskja þess.

Formaður boðar til stjórnarfunda og eru þeir lögmætir sé meirihluti stjórnar mættur.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Séu jafnmörg atkvæði með og á móti ræður atkvæði formanns úrslitum.

##### 7. gr. – Verksvið stjórnar

Stjórnin fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Stjórnin annast rekstur félagsins og hagar störfum sínum í samræmi við lög og samþykktir þess.

Verkefni stjórnar er m.a. að:

- a) Bera ábyrgð á rekstri félagsins og þjónustu þess við félagsmenn.
- b) Koma fram fyrir hönd félagsins bæði á innlendum og erlendum vettvangi og afgreiða þau erindi sem því berast.
- c) Bera ábyrgð á útgáfumálum félagsins.
- d) Halda almenna félagsfundum.

e) Halda við lista yfir stjórnir, nefndir og félög sem félagið á aðild að og sjá til þess að staðið sé við skuldbindingar.

## V. AÐALFUNDUR

### 8. gr. – Aðalfundur

Aðalfundur skal halda í maímánuði ár hvert. Til hans skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara. Fundarboðinu fylgi dagskrá fundarins, ásamt tillögum um lagabreytingar, ef einhverjar eru.

Dagskrá aðalfundar:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Skýrslur hópa og nefnda.
- c) Reikningar félagsins.
- d) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.
- e) Árgjald.
- f) Lagabreytingar.
- g) Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5 gr.
- h) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- i) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.
- j) Önnur mál.

Aðalfundur telst lögmætur og ályktunarhæfur sé löglega til hans boðað. Stjórn félagsins er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef þörf krefur. Skal hann boðaður á sama hátt og aðalfundur.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis skuldlausir félagar.

## VI. FJÁRMÁL

### 9. gr. – Fjármál

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi, yfirfarnir af kjörnum skoðunarmönnum.

### 10. gr. – Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður árgjald hverju sinni að fenginni tillögu stjórnar. Nemar með aukaaðild greiða hálf árgjald einstaklings en stofnanir tvöfalt árgjald.

Eftirlaunafélagar og lífeyrisþegar geta óskað eftir að greiða hálf árgjald enda hafi þeir greitt félagsgjöld samfellt í að minnsta kosti 10 ár. Heiðursfélagar eru undanþegnir árgjaldi en njóta allra réttinda á við fullgilda féлага.

Einungis skuldlausir félagar njóta fullra réttinda og fríðinda félagsins. Hafi félagi ekki greitt félagsgjöld tvö ár í röð skal nafn hans fellt út af félagaskrá.

Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda skulu sendir út í febrúar með eindaga 15. apríl.

## VII. FÉLAGSFUNDIR

### 11. gr. – Félagshundir

Til almennra félagsfunda skal stjórn félagsins boða skriflega. Til fundar er skylt að boða ef að minnsta kosti 20 fullgildir félagsmenn óska þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal þá fundurinn haldinn innan tveggja vikna.

## VIII. LANDSFUNDUR

### 12. gr. – Landsfundur

Landsfundur skal halda að hausti annað hvert ár. Landsfundur skal að jafnaði vera tveggja daga ráð- stefna þar sem fjallað um bókasafna- og upplýsingamál. Stjórn félagsins skipar landsfundarnefnd og er starfstími hennar milli landsfunda.

## IX. LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

### 13. gr. – Lagabreytingar

Lögum þessum er aðeins hægt að breyta á löglega boðuðum aðalfundi eða aukaaðalfundi. Tillögur um lagabreytingar verða að hafa borist stjórn félagsins fyrir 15. mars.

### 14. gr – Félagsslit

Komi fram tillaga um félagsslit skal hún rædd á sérstökum félagsfundi sem boðað er til í því skyni. Tillagan skal kynnt í fundarboði eigi síðar en 10 dögum fyrir félagsfundinn. Áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim fundi skal kosið bréflaga um félagsslit. Atkvæðisrétt hafa allir þeir félagsmenn sem greitt hafa árgjald það ár. Tillagan telst samþykkt hjóti hún stuðning 60% þeirra sem afstöðu taka.

Við félagsslit skulu eignir félagsins renna til starfandi félags bókasafns- og upplýsingafræðinga og/eða

bókavarða samkvæmt nánari ákvörðun fráfarandi stjórnar. Sé slíkt félag ekki til skal eignunum varið til styrktar kennslu í bókasafns- og upplýsingafræði

Samþykkt á stofnfundi Upplýsingar 26. nóvember 1999

Breytingar 15.05.2001, 09.05.2005, 16.05.2006 og 06.05.2008

## Heiðursfélagar Upplýsingar og fyrri bókavarðafélaga

- 1969 Guðmundur Gíslason Hagalín
- 1974 Björn Sigfússon
- 1978 Haraldur Sigurðsson
- 1980 Herborg Gestsdóttir
- 1985 Ólafur F. Hjartar
- 1985 Bjarni Vilhjálmsson
- 1985 Anna Guðmundsdóttir
- 1985 Anna Sigurðardóttir
- 1992 Hilmar Jónsson
- 1995 Finnbogi Guðmundsson
- 1996 Guðrún Gísladóttir
- 1996 Gunnar Markússon
- 1997 Kristín H. Pétursdóttir
- 1998 Þórdís Þorvaldsdóttir
- 2004 Einar Sigurðsson
- 2004 Else Mia Einarsdóttir
- 2004 Erla Jónsdóttir
- 2004 Haraldur Guðnason
- 2004 Hulda Sigfúsdóttir
- 2004 Lárus Zophoníasson
- 2004 Ólafur Pálmason
- 2004 Óli J. Blöndal
- 2007 Sigrún Klara Hannesdóttir
- 2007 Svanlaug Baldursdóttir
- 2012 Anna Torfadóttir
- 2012 Arndís S. Árnadóttir
- 2014 Hulda Björk Þorkelsdóttir